



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Íslenska 2 (ÍSL3B06) Háskólabrú

Áfangalýsing

Bókmenntasaga og læsi:

Farið verður yfir sögu íslenskra bókmennta frá lokum 19. aldar til dagsins í dag. Gerð verður grein fyrir helstu straumum og stefnum og verk nokkurra höfuðskálda kynnt og sett í samhengi. Lesnir verða textar sem á einhvern hátt endurspegla tíðaranda og hræringar í íslenskum bókmenntum hvers tíma. Markmiðið er að nemendur þjálfist í að lesa ólíkar gerðir bókmenntatexta.

Ritun:

Í verkefnavinnu áfangans er lögð rík áherslu á ritgerðasmíð og almenna ritun. Nemendur auka hæfni sína við að skrifa fræðilegar ritgerðir þar sem stuðst er við rannsóknir fræðimanna og röksemdarfærslu beitt.

Forkröfur

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið 10 feiningum á 2. þrepi.

Þrep

Áfanginn er á 3. þrepi.

Einingafjöldi

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- ritgerðasmíð og heimildavinnu
- helstu einkennum íslensks máls og þróun þess frá 19. öld til dagsins í dag
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- mismunandi tegundum bókmenntatexta, stefnum í íslenskum bókmenntum að fornu og nýju og öllum helstu bókmenntahugtökum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- ritun heimildaritgerða þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- frágangi heimildaritgerða og hvers kyns texta
- í að nýta sér gagnrýni annarra til betrumbóta
- fjalla um helstu stefnur, höfunda og tímamótaverk á greinagóðan hátt
- að flytja af öryggi og sannfæringu vel uppbyggðan fyrirlestur eða ítarlega kynningu á flóknu og löngu efni
- að lesa allar gerðir ritaðs máls að fornu og nýju sér til gagns og gamans
- að skilja lykilhugtök og greina mismunandi sjónarmið.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta og geta valið ritstíl og málsnið eftir aðstæðum og viðtakendum
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti.
- tjá rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel ígrundaðri niðurstöðu
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta, átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná duldum boðskap og hugmyndum.
- Lögð er áhersla á að nemendur beri ábyrgð á eigin námsframvindu og séu meðvitaðir um mismunandi aðferðir til að tileinka sér tungumál.

Námsmat áfangans

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og heimaprófi sem gildir til lokaeinkunnar.